

**59. fundur verkefnahóps BsVest, fundurinn er haldinn þann 6. desember 2016. kl. 13:00.
Fundurinn er símafundur.**

Mættir voru: María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Stranda og Reykhólahrepps, Guðný Hildur Magnúsdóttir félagsmálastjóri félagsþjónustunnar við Djúp, Margrét Geirsdóttir félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar og Arnheiður Jónsdóttir félagsmálastjóri Vestur-Barðastrandarsýsla.

Sif Huld Albertsdóttir formaður sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

Fundargerð 58. fundar verkefnahóps.
Fjárhagsáætlun BsVest.
NPA umræða.
Umsóknir varðandi styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa.
Annað/trúnaðarmál

Gengið til dagskrár:

1. Fundargerð 58. fundar verkefnahóps.

Fundargerð samþykkt í tölvupósti þann 7. nóvember sl. sett fram til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun BsVest.

Verkefnastjóri fór yfir helstu tölur fjárhagsáætlunar BsVest og verkefnahópur samþykkti fjárhagsáætlun óbreytta með fyrirvara um fjárhagsáætlun Vesturbyggðar, ásamt fyrirvara um nýtt úrræði sem á eftir að fara fyrir stjórn BsVest.

3. NPA umræða.

Verkefnastjóri segir frá NPA ráðstefnu og kynnir að Velferðarráðuneytið hafi gefið leyfi fyrir að BsVest sendi inn hve margar umsóknir áætlað er að komi á árunum 2017-2020. Nú þegar hefur ein umsókn verið send inn til BsVest og tjáði félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar að önnur væri á leiðinni. Með þessar upplýsingar ákvað verkefnastjóri ásamt verkefnahóp að upplýsa Velferðarráðuneytið um að tvær umsóknir fyrir árið 2017, ein umsókn fyrir árið 2018 og ein umsókn fyrir árið 2019 væru í skoðun hjá BsVest.

4. Umsóknir varðandi styrk til náms, verkfæra og tækjakaupa.

Verkefnastjóri fór yfir þær styrkumsóknir sem bárust og verkefnahópur samþykkir alla þá styrki sem sóttir voru um.

5. Annað/trúnaðarmál

Trúnaðarmál, fært í trúnaðarmálabók.